

Starfsskýrsla Íþróttafélagsins Ívars árið 2023

Starfsemi Ívars hefur verið með hefðbundnum hætti starfsárið 2023.

Bocciaæfingar hafa verið 2x í viku og badminton 2 x í viku. Sundæfingar féluru hinsvegar niður þar sem iðkendum fækkaði niður í einn og hefur viðkomandi sótt æfingar á vegum sunddeildar UMFB á haustönn 2023.

Aðalfundur félagsins var haldinn í febrúar í Hvestu. Ný inn í stjórn kom Svala Sif Sigurgeirs dóttir fyrrum sundþjálfari hjá féluginu. Harpa Björnsdóttir fyrrum formaður hefur verið stjórn innan handar m.a. í samskiptum við félagsþjónustuna.

Íslandsmót ÍF sveitakeppni í boccia var haldið í Reykjavík 1.-2. Apríl og sendi félagið eina sveit til keppni.

Vorslútt var haldið í Bolungarvík í lok maí með boccaog badmintonleikarar og pizzuveislu í Hrafnakletti á eftir.

Íslandsmót ÍF í einstaklingskeppni fór fram á Sauðárkróki 20.-22. október. Ívar átti 6 keppendur og komst einn þeirra í úrslit. Samtal var haft við félagsþjónustuna í Bolungarvík og Ísafirði um málefni tveggja keppenda fyrir ferðina og samkomulag gert um að þau myndu ferðast sér og með liðveislu með sér og gafst það vel og allir sammála um að viðhafa áfram.

Æfingar hófust svo aftur í boccia og badminton í september. 5 iðkendur eru í badminton og 8 iðkendur í boccia. Mæting á badminton æfingarnar mætti vera betri og stöðugri, það kemur oft fyrir að aðeins tveir iðkendur eru mættir. Ívar er eina félagið sem býður upp á badminton æfingar og það þarf að halda vel utan um þennan hóp til að viðhalda áhuga og ástundun.

Spes ÓI 2023 var í Berlín í júní og Þorsteinn Goði fór og keppti í badminton.

Félagið fékk kvóta frá ÍF fyrir 4 keppendum í badminton á SO Festival sem fram fer í Fredrikshavn í Danmörku í maí 2024

Pantaðar voru nýjar peysur og bolir frá Jako fyrir bocciaiðkendur sem notaðar voru í fyrsta skipta á mótinu á Sauðárkróki. Badmintoniðkendur afþökkuðu. Eitthvað misfórst pöntun á stuttermabolum og Jako bætti það upp með bómullarbolum og einhverjir iðkendur eiga því eftir að fá nælonboli.

Þjálfarateymið stóð saman af:

Sund: Hrund Karlsdóttir, vorönn 2023

Boccia: Gabríel, Sævar, Marín, Íris, Eydís, vorönn 2023

Unnur Hafdís, Agla Vigdís, Lára Björg, Gabríel, haustönn 2023

Badminton: Íris Embla, haustönn 2023

Einu fjáraflanir þetta árið hefur verið dósatalningar en við vorum svo heppin að fá að halda húsnæðinu sem talið er í eitthvað áfram.